

Öryggisstefna

Markmið Orkunnar er að skapa örugga umgjörð um starfsemi félagsins, eignir þess og mannauð. Á hverjum tíma skulu vera til staðar virkar viðbragðsáætlanir er snúa að upplýsinga- og rekstraröryggi, rekstri tölvukerfa, öryggi starfsfólks og öryggi eigna sem miða að því að tryggja samfelldan rekstur og lágmarka tjón við á.

Markmið

Orkan leitast við að tryggja öryggi í rekstri með eftirfarandi hætti:

- Fylgja ákvæðum laga og reglugerða er varða starfsemina.
- Stuðla að líkamlegu og andlegu heilbrigði starfsfólks með rétt hönnuðu vinnuumhverfi og hvatningu.
- Skapa öryggisvitund meðal starfsfólks og verktaka á vegum félagsins með reglulegri upplýsingagjöf, þjálfun og fræðslu svo brugðist sé rétt við frávikum og öryggisvá.
- Tryggja samfelldan rekstur helstu viðskiptakerfa þannig að truflanir á þjónustu til viðskiptavina vegna áfalla verði innan skilgreindra tímaramma.
- Skrá öll tjón og frávik í starfseminni, sem og ábendingar um það sem má fara, tókum þau til úrvinnslu og setjum okkur skýr markmið um að bæta árangur.
- Eignir séu ávallt varðar gagnvart þjófnaði, innbrotum, eldsvoða, vatnsskaða, skemmdarverkum og annarri vá með viðurkenndum aðferðum.
- Vera áfengis- og vímuefnalaus vinnustaður. Það er skylda starfsfólks að mæta til vinnu í vinnuhæfu ástandi. Verði starfsmaður uppvís að því að mæta til vinnu undir áhrifum áfengis eða vímuefna telst það agabrot og getur varðað tafarlausri riftun á ráðningarsamningi.

Orkan gerir sömu kröfur til allra sem starfa á vegum Orkunnar.

Öryggi upplýsinga er mikilvægt í rekstri Orkunnar. Leggur félagið ríka áherslu á að tryggja upplýsingaöryggi og að við meðferð persónuupplýsinga sé fyllsta öryggis gætt.

Forstjóri Orkunnar er ábyrgur fyrir viðhaldi og endurskoðun stefnunnar. Gæðastjóri ber ábyrgð á og tryggir að starfsmenn Orkunnar þekki stefnuna og framfylgi henni.

Samþykkt af stjórn Orkunnar 27. febrúar 2025.